

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 890/2016 um doktorsnám og doktorspróf við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. reglnanna:

- a. Orðin „og formanni dómnefndar“ í 5. másl. 3. mgr. falla brott.
- b. 6. másl. 3. mgr. orðast svo: Verði ágreiningur fer um hann samkvæmt verklagsreglu sem háskólaráð setur, sbr. 70. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

#### 2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sbr. 68. og 69. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 13. desember 2021.*

**Jón Atli Benediktsson.**

\_\_\_\_\_  
*Dórður Kristinsson.*